

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar <b>Fundur með ráðgjafanefnd fagstofnanna og eftirlitsaðila undir stjórn vatnamála</b>		Síður <b>4</b>
Dags. fundar 15. okt 2019	Tími 13:00-15:00	Staður Suðurlandsbraut 24	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Marianne Jensdóttir Fjeld (Umhverfisstofnun)		
Fundarmenn voru samkvæmt skráningarlista: Sigrún Ólafsdóttir (Matvælastofnun), Reynir Óli Þorsteinsson (Vegagerðin), Guðrún Þ. Garðarsdóttir (Vegagerðin), Jóhann Helgason (Landmælingar), Linda Georgsdóttir (Orkustofnun), Ásta Sóley Sigurðardóttir (Mannvirkjastofnun), Árný Sigurðardóttir (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur), Daði Þorbjörnsson (ÍSOR), Steinunn Hauksdóttir (ÍSOR), Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands), Berglind Orradóttir (Lbhl), Edda S. Oddsdóttir (Skógræktin), Árni Bragason (Landgræðslan), Anna Margrét Björnsdóttir (Samgöngustofa), Sindri Gíslason (SNS), Sunna Ragnarsdóttir (Náttúrufræðistofnun Íslands), Egill Þórarinnsson (Skipulagsstofnun), Sumarliði Óskarsson (Fiskistofa), Guðni Magnús Eiríksson (Fiskistofa), Eydís Salome Eiríksdóttir (Hafrannsóknastofnun)			
Afrit sent Á alla fundarmenn			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p><b>Almennt um stjórn vatnamála (Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirlitsmynd sýnd sem sýnir mismunandi stofnanir, nefndir ofl. Og hvernig þessar aðilar tengjast stjórn vatnamála.</li> <li>Farið yfir skiptingu eftir vatnasvæðum. Fjögur vatnasvæði, en ein vatnaáætlun gerð fyrir landið þar sem Ísland er eitt vatnaumdæmi.</li> <li>Vatnatilskipun nær yfir allt yfirborðsvatn (stöðuvötn, straumvötn og strandsjór) og grunnvatn. Umhverfismarkmið tilskipunarinnar er að allt vatn sé í góðu ástandi.</li> <li>Farið yfir margvíslegt álag t.d. fráveitur, mengun, starfsemi af ýmsu tagi, virkjanir, flóðavarnir osfrv.</li> <li>Kröfurnar eru að allt vatn sé í mjög góðu eða góðu ástandi skv. reglugerð</li> <li>Þegar málaflókkurinn hófst aftur eftir hlé þá þurfti að fara í stífa forgangsröðun til að hægt væri að byrja vinnuna og koma vatnaáætlun afstað í ferli.</li> <li>Endurskoðuð gerðargreining fór fram fyrir stöðuvötn og straumvötn árið 2019. Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands unnu að þeirri gerðargreiningu.</li> <li>Fyrri álagsgreining endurskoðuð vegna álags frá fráveitu og fiskeldi – 22 ný vatnshlot afmörkuð í strandsjó.</li> <li>Núna á sér stað vinna með samstarfsstofnunum (Hafró, Ví og NÍ) til að ákveða þá gæðapætti sem á að nota í kerfinu.</li> <li>Jafnframt er verið að vinna með skilgreiningar á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum. Ákveðið að forgangsráða og beina sjónum að álaga vegna vatnsaflsvirkjana við skilgreiningar á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum enn sem komið er.</li> <li>Nú þegar er hafin vöktun á forgangsefnum skv. reglugerð – Samstarf við heilbrigðiseftirlit, Náttúruvannsóknastöðina við Mývatn og Náttúrufræðistofu Kópavogs.</li> <li>Jafnframt var gerð skimun vegna vaktlista Evrópusambandsins – leitað er eftir tilteknum efnum á 2 ára fresti. Lyfjaleyfar fundust á þeim þremur stöðum sem voru rannsökuð.</li> <li>Verið að setja upp upplýsingakerfi vegna stjórnar vatnamála – Veðurstofa Íslands</li> <li>Nokkuð hefur verið um erlent samstarf sem nýtist vel í því að sjá hvað hefur gengið vel og hvað ekki hjá öðrum þjóðum.</li> </ul>	UST

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðgerðaráætlun á frumstig – samstarf við nefndir fyrrséð í vinnu við aðgerðaráætlun.</li> <li>• Aðgerðir geta verið margvíslegar t.d. fræðsla, beinar aðgerðir, gagnaöflun osfrv.</li> <li>• Vatnaáætlun kemur í birtingu árið 2021 og tekur gildi 2022</li> <li>• Hugsanleg verkefni ráðgjafanefndarinnar t.d. grunnvatns (dreift um stjórnsýsluna), landbúnaður ofl.</li> <li>• Verið að vinna í haginn fyrir næsta vatnahring t.d. gerðargreining árósa/strandlóna, vinna við kísilþörungum í gangi hjá Hafrannsóknastofnun.</li> <li>• Ákveðið að bíða með vatnsformfræðilega gæðabætti í þessum vatnahring. Aftur á móti er unnið í haginn með því að skoða hugsanlega gæðabætti fyrir næsta hring þegar kemur að þessum gæðabætti.</li> <li>• Samræma þarf vöktun heilt yfir landið t.d. hverjir vakta, hvað er vaktað og í hvaða tilgangi. Vöktun er kostnaðarsöm og því mikið fengið með því að samræma. Vöktun þarf að vera samburðarhæf og samræmd. Hægt að kom á á vöktun gegnum starfsleyfi. Endurskoðun starfsleyfa nauðsynleg.</li> </ul> <p>Spurningar úr sal: Hvort glærur verði aðgengilegar. Svar: Allt verður sett á netið og að til standi að búa til svæði á netinu þar sem öll gögn sem tengjast nefndinni eru aðgengileg.</p> <p><b>Vatnaráð (Stefán Einarsson)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sagt frá vinnu Vatnaráðs</li> <li>• 5 manns eru í ráðinu. Ráðið er skipað til 5 ára.</li> <li>• Farið yfir hlutverk ráðsins skv. 3 gr. reglugerðar 935/2011</li> <li>• Vatnaráð getur leitað til ráðgjafanefndarinnar varðandi ýmis mál.</li> </ul>	
2	<p><b>Gerðargreining vatnshlota (Eydís Salome Eiríksdóttir)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vötn margskonar og erfitt að setja allt í box</li> <li>• Tilskipunin setur kröfur um þá lýsa sem á að nota til að gerðargreina.</li> <li>• Farið yfir helstu einkenni gerðarskiptingar t.d. áhrif berggrunns, hæð yfir sjó, dýpi, áhrif frá jökli osfrv.</li> <li>• Vonir standa til að líffræðin endurspeglar í mismunandi gerðum.</li> <li>• Kort sýnt af gerðum í straumvatni.</li> </ul> <p>Spurning úr sal: Framræst votlendi og áhrif þess. Miðað var við 12% þekju af volendi og vötnum á vatnasviði og var þá notast við þekjur þar sem votlendi er þekkt, en ekki framræst. Spurt hvernig á að tækla þetta. Svar: Órakskað votlendi ekki notað við gerðarskiptinguna. Mun koma fram í gegnum álag vegna vatnsformfræðilegra þátta þ.e. skurðir.</p>	Hafró
3	<p><b>Strandsjór gerðir, afmörkun og gæðabættir (Sólveig Ólafsdóttir)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Afmörkun vatnshlota í sjó erfitt viðureignar. Mun skýrar á landi t.d. stöðuvötn.</li> <li>• Unnið eftir kerfi B vatnatilskipunar fyrir gerðarskiptingu. Byggt á hitastigi, seltu, muninum á flóði og fjöru. Hvorki munurinn á flóði og fjöru né selta duga til að skipta strandsjó í gerðir. Ákveðið að nota áhrif öldu og svo hitastig. Skipting í 2 svæði (suður og norður) eftir hitastigi. Tveir flokkar eftir skjólsælum og opnum svæðum fyrir öldu. Ekki tekið tillit til dýpis innan þessara svæða, byggist fyrst og fremst á skorti á gögnum. Þar af leiðandi er dýpi mjög breytilegt innan og milli vatnshlota.</li> <li>• Ný vatnshlot afmörkuð á grundvelli álags af völdum fiskeldis fyrst og fremst. Einhver vegna fráveitu.</li> </ul>	Hafró

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þarf að beita millikvörðun (e. intercalibration) þ.e. að samræmi sé milli landa Evrópu.</li> <li>• Búið að skilgreina líffræðilega gæðabætti fyrir strandsjó og viðmið á góðu ástandi</li> </ul> <p>Spurning úr sal: Hvernig var flóð og fjara meðhöndluð? Bara um einn flokk að ræða 1-5m. Hvernig á að bera saman löndin þegar kemur að þessu t.d. samanborið við Noreg? Svar: Erfitt að bera saman við Noreg þar sem þeir eru með yfir 20 gerðir í strandsjó. Ekki verður hægt að beita millikvörðun á allt.</p>	
4	<p><b>Vinnan við mikið breytt og manngerð vatnshlot (Katrín Sóley Bjarnadóttir)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilgreining á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum skv. 12.gr. reglugerðar 535/2011</li> <li>• Farið í gegnum viðmið skv. leiðbeiningarskjölum tilskipunarinnar um þau þrep sem þarf að fara í gegnum áður en vatnshlot er flokkuð sem mikið breytt og mangert.</li> <li>• Samstarf með norðmönnum sem hafa gert sínar eigin viðmið. Farin var ferð til Noregs til að kynna því starfi sem þar hefur farið fram. Mjög gagnleg ferð. Hópurinn er að nota norsku viðmiðin í vinnu sinni.</li> <li>• Ákveðið að skoða fyrst og fremst áhrif virkjanna í fyrstu lotu þar sem fjármagn er takmarkað.</li> <li>• Tillagan mun fara í almenna kynningu og þá hægt að koma með athugasemdir varðandi listann</li> </ul> <p>Spurning úr sal: Efnistaka, mun slíkt vera tekið með inn í kerfið? Svar: Það mun fara fram álagsgreining á fleiri þáttum og er þar á meðal efnistaka ásamt öðru sem veldur álagi. Þetta er vinna sem á eftir að fara fram.</p>	UST
5	<p><b>Vefsja stjórn vatnamála (Bogi Brynjar Björnsson)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verið að fá nýja vefsja í stað gamallar vefsjár sem var opnuð árið 2013.</li> <li>• Eldri vefsjain byggði á tækni sem nú er orðin úrelt. Kominn tími á uppfærslu, enda orðið erfitt að nota vefsjáanna.</li> <li>• Norðmenn (GeoData) hönnuðu vefsjáanna í samstarfi við norsku umhverfisstofnunina</li> <li>• Heldur utan um öll vatnshlot og allar skráningar tengdum þeim.</li> <li>• Mikill sparnaður í tíma og peningum að hafa fengið norsku vefsjáanna. Góð norræn samvinna.</li> <li>• Tveir gagnagrunnar: Vatnagrunnur og vatnshlotagrunnur</li> <li>• Vatnagrunnur: Beinagrind kerfins. Öll kort kerfisins, grunnupplýsingar, punktar og þekjur</li> <li>• Vatnshlotagrunnur: Megin upplýsingar. Tengingar í milli grunnanna gegnum vatnshlotanúmerin. Þar er ástand, álag, gæðavísar og aðgerðir. Engar tímaraðir geymdar í þessum grunni.</li> <li>• Sýndi kerfismynd hvernig kerfin tala saman.</li> <li>• Vatnshlotavefsja: Er vefsja fyrir fagaðila þar sem er hægt að skrá ástand, afmarka vatnshlot og vinna meira með vatnshlotin.</li> <li>• Vatnshlotagátt: Er ekki aðgangssýrð og opin öllum. Hugsuð fyrir almenning og hagsmunaaðila til að skoða og fá upplýsingar t.d. um vatnasvæði, sveitarfélög og hægt að flytja út sem pdf. Hægt að senda inn skriflegar upplýsingar sem berast UST/VÍ og gagnlegt að fá endurgjöf á. Slóð: <a href="https://vatnshlotagatt.vedur.is/">https://vatnshlotagatt.vedur.is/</a></li> </ul>	VÍ

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetur til þess að þeir sem rekast á galla eða atriði sem betur mega láti vita af því. Það munu vera gallar sem hafa ekki komið í ljós.</li> <li>Enn sem komið er vantar árósa og strandlón í vefsíðna.</li> </ul>	
6	<p><b>Kosning formanns</b></p> <p>Skiptar skoðanir hvort það væri gott að formaður og varaformaður væru búnnir að vera mikið ofan í þessum málaflokki. Nokkrir fundarmenn voru á þeirri skoðun að huganlega væri betra að koma alveg nýr inn í málaflokkinn, aðrir vildu meina að það væri mun betra ef að þeir þekktu til málaflokksins. Ákveðið var að blanda þessu tvennu saman, en formaður og varaformaður munu starfa saman í málefnum nefndarinnar og hitta Umhverfisstofnun saman. Eftirfarandi aðilar voru kosnir:</p> <p>Formaður: Berglind Orradóttir (Landbúnaðarháskólinn)</p> <p>Varaformaður: Eydís Salome Eiríksdóttir (Hafrannsóknastofnun)</p>	Allir
7	<p><b>Almennar umræður</b></p> <p>Ekki gafst tími til frekari umræðna</p> <p>Fundi slitið kl. 15:08</p>	Allir